

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnes
801 SELFOSS

Garðabær, 4. október 2024
Málsnúmer: 202409-0028
BK

Efni: Skógarlundur – Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 12. september 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna lýsingar á breytingu á aðalskipulagi fyrir Skógarlund. Landeigandi Skógarlundar áformar að byggja allt að 70 smáhýsi fyrir ferðamenn ásamt þjónustubyggingum inni í skógræktarsvæði landsins. Breytingin tekur til 40,4 ha svæðis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hversu hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast og má þar nefna skógrækt og frístundabyggingir. Langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi.¹ Talningar í landshlutanum benda til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá nokkrum tegundum vaðfugla og gætu umsvif mannsins átt þar hlut að máli.²

Því er heppilegt að nýta fyrirliggjandi skógræktarsvæði undir uppbyggingu af þessu tagi þar sem hún mun ekki fela í sér aukið búsvæðatap fyrir vaðfugla.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni en áskilur sér rétt til þess á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

¹ Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>